

Ed.

146. Frumvarp til laga

[124. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. sbr. lög nr. 69/1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

10. gr. laganna, sbr. 6. gr. l. nr. 69/1967, orðist svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 2% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu má allt að þriðjungur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni gjaldið í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framlengja ákvæði 6. gr. l. nr. 77/1977 ótímabundið.

Leyfisgjöld af innflutnings og/eða gjaldeyrisleyfum voru fram til 1. janúar 1978 almennt ½%, af ferðagjaldeyri 1% og af brennsluólíum 0.1%. Allur innflutningur á svo nefndum frílista hefur hins vegar, eðli málsins samkvæmt, verið undanþeginn leyfisgjaldi. Fram til síðustu áramóta rann helmingur gjaldsins til að standa undir kostnaði við gjaldeyrisdeild bankanna en afgangurinn rann í ríkissjóð til þess að standa undir verðlagseftirliti.

Með 6. gr. l. nr. 77/1977 var ríkisstjórninni heimilað að innheimta allt að 2% leyfisgjald á árinu 1978. Þessa heimild notaði ríkisstjórnin þannig, sbr. reglugerð nr. 459/1977, að á árinu 1978 hefur verið innheimt 1% almennt leyfisgjald, 1.75% gjald af ferðagjaldeyri og 0.1% af brennsluólíum. Þessi heimild til hækkunar gjaldsins rennur út um áramótin.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að þessi heimild verði notuð á sama hátt og á yfirstandandi ári og að heildartekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði kr. 350 milljónir á árinu. Gert er ráð fyrir því, að gjaldeyrisdeild bankanna fái framvegis að hámarki þriðjung gjaldsins í stað helmings áður, en þar sem gert er ráð fyrir nærfellt tvöföldun gjaldsins frá því sem var fyrir síðustu áramót ætti fjárhæð til bankanna ekki að skerðast af þessum sökum.

Innheimt leyfisgjald 1/1—30/11 1978 hefur numið eftirtöldum fjárhæðum:

Af ferðagjaldeyrisleyfum 1.75%	kr. 154.0 millj.
— olíum og bensíni 0.1%	— 13.6 —
— öðrum leyfum 1%	— 222.4 —

Alls kr. 390.0 millj.